

Nd.

434. Framhaldsátt

um frv. til laga um skemtanaskatt.

Frá allsherjarnefnd.

Ed. hefir breytt að nokkru 1. gr. frv., eins og Nd. afgreiddi það frá sjer (þgskj. 240). Breytingin er sú, að söngskemtanir, leik- og listsýningar eru eigi *lögþegnar* undan skattinum eftir frv. Ed. Þetta lætur frv. Ed. fara eftir ástæðum og ákvörðun bæjar- og sveitarstjórnar. Nefndin kannast við það, að sumar sýningar og skemtanir, sem nefndar eru söng- eða listsýningar, eigi lítið við slíkar athafnir sameigið, nema *naðnið*. Þess vegna getur nefndin fallist á það, að það sje útkljáð hverju sinni, hvort skemtun skuli undanþegin skatti eða eigi. Virðist tæplega þurfa að gera ráð fyrir því, að bæjar- eða sveitarstjórnir fari illa með það vald. Því ræður nefndin hv. deild til að samþykkja frv. á þingskj. 416 óbreytt.

Alþingi, 1. júlí 1918.

Einar Arnórsson,
form. og framsm.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Pjetur Ottesen.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.